

komudagur 8/12 1988

Í drögum að væntanlegum starfsreglum fyrir EFTA dómstólinn er í 27. gr. vikið að því þegar dómstóll í EFTA ríki leitar eftir ráðgefandi áliti EFTA dómstólsins um skýringu á EES reglum.

Dómstóllinn sem álits leitar sendir beiðnina á þeirri tungu sem málið er rekið á fyrir dómstólnum, þ.e. íslenskur dómstóll sendir beiðni á íslensku. Ritari EFTA dómstólsins sér um þýtt verði yfir á ensku sem er tungumál dómstólsins, sbr. 25. gr.

Dómstóllinn sem sendir beiðni og aðilar málsins geta sent EFTA dómstólnum skjöl á þeirri tungu sem notuð er í málinu. Slík skjöl verða þýdd á ensku að því leyti sem EFTA dómstóllinn telur nauðsynlegt og sér dómritari um það verði gert.

Dómritari skal sjá um að skýrsla "Judge-Rapporteur" verði til á ensku og á tungumáli dómstólsins sem beiðni lagði fram.

Aðilar málsins heima fyrir mega koma og ávarpa EFTA dómstólinn og dómstóllinn getur beint orðum til aðila, allt á tungumáli dómstólsins sem beiðni lagði fram. Ritari sér um að þýtt verði á og úr ensku.

Álit EFTA dómstólsins verður látið í té á sömu tungu og beiðni og á ensku.

.....

Samkvæmt 25. gr. starfsreglnanna er enska tungumál EFTA dómstólsins.

Í 26. gr. kemur fram að vitni eða sérfræðingur sem ekki telur sig geta tjáð sig á fullnægjandi hátt á ensku getur fengið heimild til að tjá sig á annarri tungu. Sér ritari þá um að túlkað verði.

Vitni og sérfræðingar sem koma fyrir EFTA dómstólinn eiga að fá greiddan allan ferðakostnað og annan kostnað, og eftir atvikum þóknun, sbr. 57. gr. starfsreglnanna. Dómstóllinn sér um greiðsluna.